

# HEIMIR

---

III. árgangur

WINNIPEG, 1906.

2. blað.

---

Eloil! Eloil! Lama Sabachthani?

eftir

Stephan G. Stephansson.

---

**S**vo lílit frétt var fæðing hans  
í fjárhúsþötu hirðingjans,  
að dag og ártal enginn reit,  
um aldur hans ei nokkur veit.

Því jafnvel samtið okkar enn  
sér ekki sína beztu menn.  
En tímans bylting birtir alt,  
og bætir sumum hundraðfalt.

Því mótmælt hefði hans eigin öld  
að afmælið hans væri í kvöld,  
og tengt þann atburð ársins við,  
að aftur lengist sólskinið.

Hann alla sína fræðslu fékk  
í fátæklingsins skólabekk,  
en sveit hans veitti sína gjöf,  
þar sérhver hæð er spámannsgröf

Og skálda, er höfðu hegnt og kent,  
en heimska lýðsins grýtt og brent.  
Þar feður hjuggu hold og bein,  
en hlóðu synir bautastein.